

Alþingi  
Erindi nr. P 127/515  
komudagur 14.12.2001



IÐNAÐAR - OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Alþingi - Iðnaðarnefnd  
Sigrún Brynja Einarsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Arnarhvoli 150 Reykjavík  
sími: 560 9070 bréfasími: 562 1289  
netfang: postur@ivr.stjr.is  
veffang: <http://www.stjr.is/ivr>

Reykjavík, 12. desember 2001  
Tilvísun : IVR01110092/10.201/GAG

Vísað er til erindis háttvirtrar iðnaðarnefndar, dags. 21. nóvember 2001, þar sem óskað er umsagnar ráðuneytisins um frumvarp til laga um breyting á vatnalögum, nr. 15/1923.

Í frumvarpinu er lagt til að annars vegar bætist orðskýring á orðinu *vatnasvið* við 1. gr. laganna og hins vegar að við 1. mgr. 50. gr. laganna bætist nýr málslíður sem kveði á um að flutningur vatnsfalls með meira meðaltalsársrennsli en 4 m<sup>3</sup>/sek. úr fornum farvegi og yfir á annað vatnasvið sé aldrei heimill nema að fengnu sérstöku samþykki Alþingis.

Á vegum ráðuneytisins er nú unnið að heildarendurskoðun vatnalaga nr. 15/1923. Stefnt er að framlagningu frumvarps til vatnalaga á næsta vor- eða haustþingi. Ráðuneytið mun taka efni frumvarpsins til nánari skoðunar í tengslum við endurskoðun vatnalaga en telur ótímabært að samþykkja slíka breytingu á lögnum.

F.h.r.

Auðjón Axel Auðjónsson